

Ákvörðun nr. 24/2021
Föstudagur, 25. júní 2021

Kaup Sameyjar Holding ehf. á Samey sjálfvirknimiðstöð ehf.

1. Þann 25. maí 2021 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup Samey Holding ehf. (hér eftir „Samey Holding“) á Samey sjálfvirknimiðstöð ehf. (hér eftir „Samey“). Samhliða samrunanum mun Sjávarsýn ehf. (hér eftir „Sjávarsýn“) og UAB LVG Holding (hér eftir „LVG“) koma til með að öðlast sameiginleg yfirráð yfir Samey Holding. Samey Holding var stofnað í tilefni af þeim viðskiptum sem hér eru til umfjöllunar, Samey býður upp á heildarlausnir til sjálfvirknivæðingar, Sjávarsýn fjárfestir í öðrum félögum sem hafa rekstur með höndum og LVG er erlent félag sem stofnað var árið 2021 í tengslum við fyrirhugaða endurskipulagningu Lavango samstæðunnar.
2. Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur eftirlitsins nr. 1390/2020. Samrunaskráin taldist fullnægjandi og byrjuðu frestir til rannsóknar á samrunanum því að líða 26. maí 2021. Við athugum málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá og leitaði upplýsinga hjá keppinautum félaganna og viðskiptavinum.
3. Samkvæmt upplýsingum í samrunaskrá er starfsemi samrunaaðila eftirfarandi:
 - a) Samey Holding er eignarhaldsfélag sem stofnað var í nóvember 2020 í tilefni af þeim viðskiptum sem hér eru til umfjöllunar. Félagið er nú í 45% eigu Kristjáns Karls Aðalsteinssonar og 55% eigu Vygandas Srebalius. Samhliða samrunanum breytist eignarhald Samey Holding þannig að 50% verður í eigu LVG og 50% í eigu Sjávarsýnar. Samey Holding fer ekki með yfirráð yfir öðrum félögum.
 - b) LVG er erlent félag sem stofnað var á árinu 2021 og er í 25% eigu Kristjáns Karls Aðalsteinssonar og 75% eigu Vygandas Srebalius. Undir yfirráðum LVG eru félögin UAB Lavango engineering LT, APS CTI processing og Lavango ehf.
 - UAB Lavango engineering LT er stálsmiðja í Litháen sem framleiðir m.a. búnað til matvælaframleiðslu. Félagið selur framleiðslu sína m.a. til íslenskra aðila, þ.m.t. Sameyjar.
 - APS CTI processing er danskt félag sem selur búnað til ýmis konar matvælaframleiðslu. Félagið hefur enga veltu á Íslandi.
 - Lavango ehf. selur búnað til matvælaframleiðslu í umboðssölu. Starfsemi félagsins lýtur einkum að vinnslu- og þrifabúnaði fyrir skip, búnaði fyrir fiskvinnslur og fiskeldi, auk sérframleiðslu á tækjabúnaði.
 - Auk framangreindra félaga fer Vygandas Srebalius með yfirráð í félögunum UAB Lavango group, LVG US Inc. og OOO Lavango engineering BY.
 - c) Sjávarsýn er eignarhaldsfélag sem fjárfestir í öðrum félögum sem hafa rekstur með höndum. Sjávarsýn fer með yfirráð í félögunum Gasfélagið ehf., Sjávarsýn fjárfestingar ehf.,



Ísmar, Fálkinn og Sjávargrund. Þá fer Sjávarsýn sameiginlega, með Pétri Þór Halldórssyni, með yferráð yfir félögum S4S ehf. og Hliðarspor ehf.

- Gasfélagið ehf. flytur inn fljótandi gas og gashylki.
- Sjávarsýn fjárfestingar ehf. hafði engar tekjur af sölu á vörum eða þjónustu árin 2019 og 2020.
- Ísmar sérhæfir sig í sölu og þjónustu á tækjabúnaði til hvers konar landmælinga, vélstýringa og lasertækni fyrir m.a. verkfræðistofur, verktaka og ríkisfyrirtæki. Lasertækni og vélstýringar, hvort heldur þrívíddar eða tvívíddar, auk GPS mælingatækja og talstöðva, eru mikilvægur þáttur í starfsemi Ísmar. Fyrirtækið hefur einnig haslað sér völl á sviði búnaðar til umferðaröryggis og löggæslu. Þá er loftræsibúnaður og stýringar einnig hluti af sérhæfðu vöruframboði félagsins, auk hitamyndavéla og talstöðva.
- Fálkinn sérhæfir sig í bíla- og vélarhlutum, véltæknivörum og raftæknivörum og rekur ver slun og þjónustuverkstæði.
- Sjávargrund var stofnað í tengslum við kaup á Tandri hf. Aðalstarfsemi Sjávargrundar er fjárfestingarstarfsemi og rekstur fasteigna. Félagið fer með yferráð yfir Tandri hf. og Ræstivörum ehf.

d) Samey býður heildarlausnir til sjálfvirknivæðingar, allt frá hönnun til gangsetningar, auk þess að selja í heildsölu íhluti til iðnrekstrar. Samey fer ekki með yferráð yfir öðrum félögum.

4. Að mati samrunaaðila starfa aðilar í meginatriðum á ótengdum mörkuðum. Í samrunaskrá segir að lítilsháttar skörun sé til staðar, annars vegar í starfsemi Sameyjar og Fálkans er lúti að vöruframboði á íhlutum til iðnrekstrar og hins vegar í starfsemi Sameyjar og Lavango, sem bæði selji vogir til viðskiptavina sinna. Þá sjái UAB Lavango Engineering Samey fyrir tilteknum aðföngum í starfsemi þess. Í samrunaskrá segir að ekki hafi verið fjallað með ítarlegum hætti af hálfu Samkeppniseftirlitsins um skilgreiningu þeirra markaða sem Samey starfi á. Þau fordæmi sem fyrir hendi séu bendi til þess að skilgreina megi þann markað sem starfsemi Sameyjar tilheyrir sem markað fyrir sjálfvirkni- og stýribúnað (e. *automation and control*).¹ Ekki sé loku fyrir það skotið að skipta megi framangreindum markaði í undirmarkaði. Þó telji samrunaaðilar ekki ástæðu til þess í fyrirbyggjandi máli þar sem Samey bjóði heildarlausnir í sjálfvirknivæðingu, sniðnar eftir þörfum viðskiptavinarins hverju sinni, en afmarki starfsemi sína ekki við einangraða þætti í ferlinu. Hvað varði landfræðilega afmörkun markaða, telji samrunaaðilar að sá markaður sem Samey starfi á sé alþjóðlegur.

5. Þá segir í samrunaskrá að samrunaaðilar telji að samruninn muni ekki hafa samkeppnisleg áhrif á þá markaði sem þeir starfi á. Samrunaaðilar starfi í meginatriðum á ótengdum mörkuðum og á þeim mörkuðum þar sem starfsemin skarist telji samrunaaðilar að markaðshlutdeild þeirra sé langt undir 20%. Þá sé markaðshlutdeild samrunaaðila, í þeim tilvikum sem þeir kynna að teljast starfa á ólíkum sölustigum, langt undir 40%. Samrunaaðilar hafi ekki þann efnahagslega styrk, hvorki fyrir né eftir samruna, til að hindra samkeppni. Um sé að ræða stóra alþjóðlega markaði þar sem fjöldi gríðarstórra fyrirtækja starfi, auk meðalstórra og smárra fyrirtækja. Þar falli samrunaaðilar í síðasta flokkinn. Markaðirnir sem um ræðir eru tilboðsdrifnir og styrkur viðskiptavina sé mikill. Aðgengi á markaðnum sé gott og fáar hindranir séu til staðar fyrir

¹ Sjá ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 67/2007, *Samruni SPX og APV* og ákvörðun framkvæmdastjórnar EB nr. COMP/M.7005, *Schneider Electric/Invensys*.



burðugan keppinaut til að hefja starfsemi. Þessa stöðu megi glögglega greina af þeirri samkeppni sem til staðar sé og fjölda keppinauta.

6. Eftir að hafa lagt mat á þær upplýsingar sem liggja fyrir í málinu er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki séu vísbendingar um að aðilar málsins hafi eða muni öðlast markaðsráðandi stöðu með samruna þessum og teljast samkeppnisleg áhrif hans óveruleg, enda starfa aðila að miklu leyti á ótengdum mörkuðum. Keppinautar samrunaaðila og viðskiptavinir, sem Samkeppniseftirlitið ræddi við, höfðu engar áhyggjur af samrunanum og töldu hann ekki hafa nein áhrif á samkeppni. Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna þessa samruna.

I. Ákvörðunarorð

„Kaup Sameyjar Holding ehf á Samey sjálfvirknimiðstöð ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til að aðhafast frekar í málinu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson